

Fjórði fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Árið 2018, fimmtudaginn 25. október kl 18.00 kom Lýðheilsu og æskulýðsnefnd saman til fundar í Ráðhúsinu á Flúðum.

4. fundur kjörtímabilsins 2018 – 2022.

Mættir til fundar: Guðríður Eva Þórarinnisdóttir formaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari, Heimir Sigurðsson nefndarmaður, Jón Valgeirsson sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun ársins 2019 tengd Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.
2. Ný gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug
3. Upplýsingar um stöðu mála í Heilsueflandi samfélagi

1. Jón kynnir fjárhagsáætlun ýtarlega fyrir nefndarmönnum.

- Gert er ráð fyrir að klárað verði loftið fyrir ofan áhaldageymslu í fjárhagsáætlun. Ekki búið að ákveða hvað rýmið verði nýtt í.
- Einnig er gert ráð fyrir verkefninu Heilsueflandi samfélag í fjárhagsáætlun. Mikil ánægja með það hjá nefndarmönnum.
- Áætlað er að fara í viðhald á sundlaug á næsta ári og að það verði gerðar bætur á búningsklefum.
- Nefndin styður við aukið fjárframlag til ungmennaráðs svo hægt sé að greiða þeim laun fyrir fundasetur.

2. Jón kynnir verðhækkningar varðandi gjaldskrá fyrir notkun á tækjasal, íþróttarhúsi og sundlaug.

- Nefndin vill ekki að það verði gerðar hækkningar á gjaldskrá í tækjasal, sundlaug og íþróttarhúsi.
- Það er mat nefndarinnar að á meðan almenn þjónusta þessara stofnanna haldist óbreytt, hvorki opnunartímar né aðgengi sé bætt og lagað að þörfum íbúa, þá sé ekki réttlætanlegt að hækka gjaldið.

3. Jón kynnir fund sem hann og Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti fóru á í Bláskógarbyggð til að afla frekari upplýsinga um framgang mála hjá Bláskógarbyggð varðandi verkefnið heilsueflandi samfélag og upplýsingar varðandi verkefnastjóra þeirra.

- Nefndin vill hvetja sveitastjórn að ráða verkefnastjóra fyrir verkefnið heilsueflandi samfélag sem fyrst svo hægt sé að koma því í farveg.

Fundi slitið kl 19.25